



Félag löggiltra  
endurskoðenda

Reykjavík 23. maí 2014  
Tilvísun FLE 12-2014

**Nefndasvið Alþingis**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**  
**b/t Aðalbjörg Rós Óskarsdóttir**

**Málefni: Frumvarp til laga um opinber fjármál, 508 mál.**

Með tölvupósti dags. 7. maí s.l. óskaði Fjárlaganefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til Álitsnefndar FLE sem tók málið til umfjöllunar.

Álitsnefndin vill koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri:

**Ábendingar vegna 52. og 63. gr. frumvarpsins:**

Félagið telur það framfaraspor að gerð sé sú krafa að reikningsskil A- hluta ríkissjóðs í heild skulu gerð og sett fram samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir opinbera aðila og í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006, eins og kemur fram í 52. grein. Þá fagnar félagið sérstaklega að horfið verður frá gerð reikningsskila og fjárlaga á greiðslugrunni og þau gerð á rekstrargrunni og er það í samræmi við áherslur alþjóðasamtaka endurskoðenda um reikningsskil opinbera aðila.

Í 52. gr. er heimilt að fengnu samþykki reikningsskilaráðs ríkisins að víkja frá fyrirmælum alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila. Í 63. grein kemur fram að ríkisendurskoðandi sé einn þeirra sem skal skipaður í reikningsskilaráðið. Félagið telur það ekki samræmast hlutverki ríkisendurskoðanda sem endurskoðanda ríkisreiknings að taka jafnframt þátt í umfjöllum og/eða hafa áhrif á mögulegar heimildir til að víkja frá fyrirmælum alþjóðlegra reikningsskilastaðla og telur því fara betur á því ef hann ætti ekki sæti í ráðinu.

Virðingarfyllst,

f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Sigurður B. Arnþórsson', is written over a faint, larger version of the same signature.

Sigurður B. Arnþórsson  
Framkvæmdastjóri FLE

